

AUGLÝSING

um deiliskipulagsmál í Akraneskaupstað.

Stillholti 9, stofnanareitur.

Bæjarráð í umboði bæjarstjórnar Akraneskaupstaðar samþykkti 9. júlí breytingu á deiliskipulagi, stofnanareits – Stillholt 9. Í breytingunni felst að skilgreindur er nýr byggingarreitir í austurhorni lóðarinnar, við lóðamörk, samliggjandi bílgeymslu á lóð Stillholts 11. Heimilt er að reisa bílgeymslu allt að 35 m², hámarks hæð allt að 3,65 m. Núverandi bílgeymsla í norðurhorni lóðar verður aflögð en heimilt er að nýta hana sem geymslu. Innkeyrsla lóðar færist samhliða að lóðarmörkum við Stillholt 11. Gert er ráð fyrir 2 bílastæðum innan lóðar.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð skv. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Akranesi, 23. júlí 2020.

Sigurður Páll Harðarson sviðsstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 7. ágúst 2020